

## Tilmæli 15/2019

Fyrri skjalsnúmer	A 1803/välfärd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	Nefndarálit um þingmannatillögu um norrænt samstarf gegn heiðurskúgun (A 1803/välfärd)

**Norrænt samstarf gegn heiðurskúgun**

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn 30. október 2019 eftirfarandi tilmæli að tillögu Norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að þær víkki út norrænt samstarf á sviði rannsókna, réttarvörslukerfis og stjórnvalda sem starfa við að fyrirbyggja ofbeldi sem kennt er við heiður (heiðursofbeldi),

að þær greini forvarnir norrænu ríkjanna gegn heiðursofbeldi og -kúgun og mismunandi birtingarmyndum þess svo sem barnahjónaböndum, þvinguðum hjónaböndum og limlestingu á kynfærum, bæði að því er varðar börn og ungmenni og forsjárhafa,

að þær greini hvernig norrænu ríkin hafa á ýmsum stigum stjórnsýslunnar beitt sér sérstaklega gegn barnahjónaböndum,

að þær greini hvernig norrænu ríkin hafa beitt sér gegn limlestingu á kynfærum stúlkna og kvenna og til hvaða ráðstafana þau hafa gripið í því skyni að tryggja þolendum slíkrar meðferðar rétt til heilbrigðisþjónustu og stuðnings,

að þær skiptist á upplýsingum um rannsóknir réttarvörslukerfisins á „heiðursglæpum“ með sérstakri skírskotun til barnahjónabanda, þvingaðra hjónabanda og limlestinga á kynfærum,

að þær greini starf norrænu landanna að málefnum kynferðislegra minnihlutahópa meðal ólíkra hópa þar sem kennisetningar tengdar heiðurssjónarmiðum bæði mæla fyrir um og vinna gegn möguleikum einstaklinga á að velja sér lífsförunaut að eigin ósk

Kaupmannahöfn, 5. nóvember 2019

*Hans Wallmark*

forseti Norðurlandaráðs

*Britt Bohlin*

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs